

SÓKN

- Sókn er besta vörnin

Tbl. 3 | 6. nóvember 2025

„Við erum burðarásar en samt sjá okkur fáir“ – Kröftug ræða um stöðu aðfluttra kvenna

„Börnin sem við vinnum með eru framtíðin en starfsfólkið sem annast þau er oft ósýnilegt.“ Með þessum orðum hóf Bozena Raczkowska, Eflingarfélagi og fulltrúi í trúnaðarráði, ræðu sína á málþingi ASÍ í tilefni Kvennaveikfallsins 2025. Í ræðunni varpaði hún ljósi á stöðu og baráttu kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði, en þær eru um 32 þúsund talsins og mynda nær helming allra innflytjenda á Íslandi.

Bozena, sem flutti frá Póllandi árið 2006 og hefur starfað á leikskóla á Íslandi í 15 ár, deildi persónulegri reynslu sinni af miklu vinnuálagi, lágum launum og þeirri tilfinningu að vera vanmetin. Hún sagði sögur sínar enduróma reynslu fjölda annarra innflytjendakvenna sem starfa í grunnstöðum samfélagsins, svo sem umönnun og ræstingum. „Við erum burðarásar, en samt sjá okkur fáir,“ sagði hún og bætti við að oft væri gert ráð fyrir að þær ynnu meira en áður og að þær myndu ekki standa á rétti sínum.

Þetta stöðuga álag, ásamt skorti á stuðningsneti, leiddi til þess að Bozena upplifði kulnun árið 2024. Hún benti á að margar konur í svipaðri stöðu þekki ekki réttindi sín eða þau úrræði sem standa til boða, svo sem þjónustu VIRK.

Eitt stærsta réttlætismálið að mati Bozenu er húsnæðisvandinn. Sem einstæð móðir sem leigir á almennum markaði fer um 70% af ráðstöfunartekjum hennar í húsaleigu. „Við getum ekki byggt framtíð ef grunnurinn, þakið yfir höfuðið, er ótryggt,“



Bozena Raczkowska, fulltrúi í trúnaðarráði Eflingar

sagði hún og kallaði eftir öruggu, félagslegu húsnæðiskerfi.

Þrátt fyrir mótlæti fann Bozena vettvang fyrir sína rödd innan Eflingar, þar sem hún hefur verið trúnaðarmaður frá 2013. Hún sagði baráttu félagsins og stuðning Sólveigar Önnu Jónsdóttur, formanns, hafa veitt sér og öðrum konum af erlendum uppruna styrk og sýnileika.

Bozena lauk ræðu sinni á skýrum skilaboðum: „Við konur af erlendum uppruna erum ekki að berjast fyrir hástemmd slagorð. Við viljum einfaldlega lifa með reisn. Við viljum tilheyra. Við gefumst ekki upp. Við munum berjast fyrir betri framtíð, fyrir okkur, fyrir börnin okkar, og fyrir Ísland.“

Þéttsetinn bekkurinn í fjölskyldubíói Eflingar

Það var þéttsetinn bekkurinn í Bíó Paradís mánudaginn 27. október síðastliðinn þegar Efling stóð fyrir fjölskyldu bíósýningu í vetrarfríi grunnskólanna. Sýnd var óskarsverðlaunamyndin Kisi og skemmtu börn og fullorðnir sér konunglega.

Viðburðir sem þessir eru orðnir fastur liður í félagslífi Eflingar og njóta alltaf mikilla vinsælda meðal félagsmanna. Með þeim gefst fjölskyldum tækifæri til að hittast, eiga saman ánægjulegar stundir og njóta góðrar skemmtunar í notalegu umhverfi.



Öll fjölskyldan í bíó! Trúnaðarmaðurinn Roger J. Young ásamt fjölskyldu sinni



Fjölskyldubíó Eflingar 27. október var vel sótt

Brettán þúsund Eflingarfélagar lifa við fátækt



Mynd frá mótmælum Eflingar í Kringlunni 11. Janúar vegna gervistettarfélagsins Virðing

Ný skýrsla Vörðu, rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins, sýnir að staða Eflingarfólks er mun lakari en annars launafólks á Íslandi. Um 40% félagsmanna Eflingar búa við skort á efnislegum og félagslegum gæðum – tvöfalt fleiri en hjá öðrum félögum innan ASÍ og BSRB.

Alls eiga 45% félagsmanna erfitt með að ná endum saman, þar af 8% mjög erfitt. Aðeins 40% geta mætt óvæntum 100 þúsund króna útgjöldum án þess að taka lán, en 64% annars launafólks segja hið sama.

Munurinn er einnig mikill þegar lítið er til efnislegs skorts:

- 24% hafa ekki efni á kjöti eða fiski annan hvern dag (miðað við 12%).
- 25% geta ekki greitt reikninga á eindaga (miðað við 8%).
- 36% hafa ekki efni á árlegu vikufríi (miðað við 23%).
- 52% geta ekki skipt út slitnum húsgögnum (miðað við 30%).



Ekki meiri fátæktarlaun! Mynd frá heimsókn stéttarfélagsins Unite til Trúnaðarráðs Eflingar 6. febrúar

Samkvæmt niðurstöðum lifa yfir 13.000 félagsmenn Eflingar við fátækt, þar af um 7.000 við verulegan skort. Þá er staða um 5.000 félagsmanna mjög brothætt og lítið þarf út af að bera til að þeir dragist einnig niður í fátæktargildru. Kristín Heba Gísla-dóttir kynntu Trúnaðarráði niður-

stöður kannanarinnar 16. október síðastliðinn.

Lesið meira með því að fylgja QR-kóðanum hér:



Meirihluta Eflingarfélaga líst vel á leikskólaleið Reykjavíkurborgar



Elżbieta Kolacz, Sólveig Anna Jónsdóttir og Niuvis Sagó Suceta

Dagana 10.–17. október stóð Efling fyrir könnun meðal leikskólastarfsmanna um tillögur Reykjavíkurborgar að breyttu skipulagi á starfsemi leikskóla. Könnunin var send til 1.150 félagsmanna og svöruðu alls 594 — svarhlutfallið var því tæp 52%, sem telst mjög góð þátttaka.

Niðurstöður sýna að leikskólastarfsfólk er almennt jákvætt gagnvart breytingunum. Rúmlega helmingur svarenda lýsir sig ánægðan eða mjög ánægðan með tillögurnar, tæp 19% eru neikvæð, en rúmur fimmtungur hlutlaus.

Þegar spurt var sérstaklega um væntingar til árangurs af tillögunum

kom svipað mynstur fram. Um helmingur svarenda er sammála því að breytingarnar muni ná markmiðum sínum, fjórðungur er ósammála og 17% eru hlutlaus.

Í opnum svörum um umbætur í leikskólastarfinu kom þó skýrt fram að áhyggjur starfsfólks snúast fyrst og fremst um manneklu og það mikla álag sem henni fylgir. Þessi atriði eru yfirgnæfandi talin brýnustu úrlausnarefni í dag.

Tæplega þrír af hverjum fjórum svarendum sögðust hafa kynnt sér tillögur borgarinnar nokkuð eða mikið, sem bendir til þess að svörin byggist á traustri þekkingu og reynslu.

„Það er frábært að sjá svo hátt þátttökuhlutfall í könnuninni okkar, og það kemur mér ekki á óvart að Eflingarfélagar séu jákvæðir fyrir breytingum í þessa átt,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar. „Nú hefur Reykjavíkurborg dýrmætt tækifæri til að ganga í takt við starfsfólk í þágu betra og öruggara leikskólaumhverfis. Ég hvet meirihlutann til að eiga samráð við okkur um frekari útfærslur og þróun á þessum tillögum.“ sagði Sólveig að lokum.

Fræðsla og þjálfun trúnaðarmanna í vetur - Örugg tjáning og mikilvæg málefni vinnumarkaðarins

Efling heldur áfram að styrkja trúnaðarmenn sína með öflugri fræðslu og þjálfun. Á síðustu trúnaðarmannanámskeiðum 14. og 15. október þjálfaði Sigríður Arnardóttir, eða Sirrý, hópinn í öruggri tjáningu og framkomu. Þar fengu trúnaðarmenn tækifæri til að spreyta sig á ýmsum hagnýtum æfingum sem styrkja þau í krefjandi hlutverki sínu. Sirrý heldur áfram með innsög á trúnaðarmannanámskeiðin í nóvember, desember og janúar.

Ný könnun og EKKO-mál á næsta námskeiði

Dagskráin á komandi námskeiðum er ekki síður metnaðarfull. Á námskeiðinu í nóvember mun Kristín Heba Gísladóttir frá Vörðu, rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, kynna og fjalla um nýja könnun um stöðu launafólks á Íslandi. Þessi greining veitir trúnaðarmönnum mikilvæga innsýn í þær áskoranir og strauma sem eru ríkjandi á vinnumarkaði í dag.

Að auki munu lögmenn MAGNA fara ítarlega yfir svokölluð EKKO-mál og hvernig bregðast skuli við þeim.



Trúnaðarmenn lýstu mikilli ánægju með þjálfun Sirrýjar

Skammstöfunin EKKO stendur fyrir: Einelti, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og ofbeldi.

Trúnaðarmenn munu fá fræðslu um hvaða ferla ber að virkja í slíkum málum og hvernig best er að styðja við þolendur.

Verkakonur verða ekki frjálsar nema með sameiginlegri stéttabaráttu

Í erindi sínu á málþinginu „Nútíma kvennabaráttu – Staða kvenna af erlendum uppruna á vinnumarkaði“, sem haldið var í tilefni af Kvenna-verkfallinu 2025, setti Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, fram beitta gagnrýni á kerfisbundið arðrán verkakvenna. Hún lagði áherslu á að vandamál þessara kvenna væru ekki persónubundin heldur afleiðing af viðvarandi láglaukastefnu og kerfisbundins arðráns.

Sólveig Anna hafnaði þeirri algengu skýringu að aðfluttar konur „festist“ í láglaunastörfum vegna skorts á menntun eða tungumálakunnáttu. Hún hélt því fram að slík orðræða þjóni þeim tilgangi að fría stjórnvöld og atvinnurekendur undan ábyrgð. Raunverulega vandamálið, sagði hún,

er kerfi sem þrífst á ódýru vinnuafli ómissandi kvenna í grunnstörfum samfélagsins.

Þá gagnrýndi Sólveig Anna harðlega goðsögnina um Ísland og Norðurlöndin sem jafnréttisparadís. Hún full-yrti að „þjóðfélagsleg frelsun kvenna“ hvíli á arðráni og ofurálagi annarra kvenna – stéttar lágt launaðra kvenna, oft af erlendum uppruna, sem njóti lítillar virðingar í samfélaginu.

Að lokum lýsti hún aðferðafræði Eflingar sem byggir á því að virkja grasrótina og byggja upp afl félagsins neðan frá, með raunverulegri inngildingu og lýðræðislegri þátttöku félagsmanna. Hún lagði áherslu á mikilvægi samstöðu innan verkalyðs-stéttarinnar og benti á árangur krón-



utölusamninganna frá 2019 sem dæmi um hvernig samstaða íslenskra og

aðfluttra Eflingarfélaga, kvenna og karla, hefur skilað mestri kaupmáttaraukningu til þeirra sem hafa lægstu launin.

Trúnaðarmaður mánaðarins - Hlynur Gauti Ómarsson



Hlynur Gauti Ómarsson er trúnaðarmaður Eflingar hjá hótelinu Sand Hotel

Hvað finnst þér skemmtilegt að gera utan vinnu þessa dagana?

„Það sem ég geri helst, er að lesa bækur og þá helst sc-fi/fantasy bækur þó það hafi verið soldið lengi á dagskránni að byrja að lesa meira af klassískum bókmenntum. Svo þegar Liverpool er að spila þá missi ég helst ekki af leik.“

Hvað finnst þér skemmtilegast eða mest gefandi við að vera trúnaðarmaður í dag?

„Það er að sjálfsögðu það að geta hjálpað samstarfsfólki mínu þegar þau leita til mín. Svo hefur einnig verið bæði skemmtilegt og gefandi að fá að kynnst nánar því starfi sem á sér stað hjá stéttarfélaginu.“

Hitta frábært fólk á trúnaðarmannanámskeiðum, fá tækifæri til að starfa innan Eflingar í trúnaðarráði og fá að upplifa að ég, sem meðlimur, skipti máli. Við erum, ekkert okkar, bara eitt af 27.000 nöfnum á meðlimaskrá, heldur getum við öll haft áhrif.“

Ef þú gætir boðið hvaða manneskju sem er – lifandi eða látinni – í kaffi, hver væri það og af hverju?

„Þetta er erfiðari spurning en ég hélt. Kannski Arne Slot að spyrja hvað er í gangi með Liverpool þessar vikurnar?“

Hver er uppáhaldsleiðin þín til að endurhlaða orkuna þegar dimma tekur?

„Mér finnst alveg nauðsynlegt að hafa eitthvað til að hlakka til, bæði til lengri tíma og skemmri. Nú síðast var það t.d. Halloween með 11 ára stjúp-dóttur minni sem breyttist, öllum að óvörum, úr einum degi yfir í heila helgi. Það er ekki margt sem smitast jafn mikið og gleði barna og þess vegna eru jólin næst á listanum.“

Ef þú þyrftir að gefa nýjum trúnaðarmanni ráð, hver væru þau ráð?

„Ekki vera smeyk við að biðja um ráð eða hjálp. Það er fullt af fólki, bæði á skrifstofu Eflingar og ekki síður á trúnaðarmannanámskeiðunum, sem er tilbúið að hjálpa og hefur jafnvel lent í sama vandamáli og þú ert að eiga við. Það býst enginn við að þú hafir öll svör klár frá fyrsta degi, gefðu þér tíma til að læra a hlutina.“

Ef þú gætir lýst vinnustaðnum þínum í einu orði, hvaða orð myndir þú velja?

„Alþjóðlegur. Ég vinn á hóteli og í kringum mig er fólk frá öllum heimshornum. Það hefur verið mjög upplýsandi fyrir hvítan, miðaldra, cis karlmann frá litla Íslandi.“

Skrifstofa Eflingar flutt á 3. hæð í Guðrúnartúni 1

Skrifstofa Eflingar stéttarfélags er flutt á 3. hæð í Guðrúnartúni 1, eftir að hafa tímabundið verið til húsa á 4. hæð sama húss. Framkvæmdum við endurnýjun skrifstofuhúsnæðis félagsins er nú að mestu lokið en þær hafa staðið yfir síðustu mánuði. Endurnýjað húsnæði Eflingar er jákvæð breyting í starfsemi félags-

ins. Móttökurými fyrir félagsfólk hefur verið stækkað verulega og viðtalsrýmum hefur verið fjölgað. Öll hönnun húsnæðisins tekur mið af hlutverki félagsins, að þjónusta og aðstoða félagsfólk. Félagsfólk er boðið velkommið í endurnýjað húsnæði.